

24 janúar 2019

Umsögn vegna frumvarps númer 393 um þungunarrof. Beint til aðstandenda frumvarpsins og Velferðarnefndar.

Ég geri ekki mikið af því að tjá mig í skrifum opinberlega, en nú kom að því.

Ástæðan er nýtt frumvarp sem á að leggja fyrir alþingi um breytingatillögu á nafninu “fóstureyðing” í “þungunarrof”. Þetta hljómar fyrir mér eins og verið sé að finna finna orð yfir þessa sorglegu aðgerð.

Einnig liggur fyrir, að leyfa fóstureyðingar upp að 22 vikum. Ég viðurkenni fúslega að mér varð flökurt þegar ég las þetta og ég gat einhvern veginn ekki horft framan í fólknið á myndinni sem hélt á frumvarpinu fyrir framan blaðamenn. Það sem ýtti að síðustu undir þessi skrif var grein í DV sem segir frá Emelíu, sem fæddist fyrir tímann eða á 23 viku og lifir í dag.

Aðrar sögur fylgdu í kjölfarið, stúlka sem fæddist á 22 viku og lifir, tvíburar sem fæddust á 22 viku og lifa.

Hvað segir þetta okkur? Að þessir litlu einstaklingar séu ekki jafn lifandi innan sem utan móðurkviðar? Má grípa fram í fyrir litlu kríli sem kúrir þar rótt og á síns einskis ills von? Hjartað slær, litlar hendur og fætur hreyfa sig, næringin flæðir í gegnum naflastrenginn til þess að þessi litli einstaklingur geti vaxið og dafnað.

Af hverju megum við fullorðna fólknið ráða hvort þau lifa eða deyja?

Það skelfir mig að læknavisindin tjái okkur að þetta séu ekki einstaklingar heldur fóstur og þar með má ákveða örlög þeirra (þ.e.a.s. innan móðurkviðar-allt annað viðhorf ríkir utan hans á sama deginum!)

Það er engin lógík þarna á ferð.

Það sem einnig er sorglegt að mínu mati í þessum málum er þegar konur setja sig á þann stall að ráða öllu varðandi það að halda fósturi eða ekki. Þótt það fái að dafna og þroskast í móðurkviði konunnar, þá ætti hún ekki að vera sú eina sem ræður allri för. Það er oftast faðir til staðar og svo ófædda barnið. Ég hef aldrei skilið þessa afstöðu og mun aldrei skilja hana. Það er ósanngjarnt og eigingjarnt þegar kona heldur því fram, að “þetta sé hennar líkami og hún ráði hvað gerist þar”. Það er fátt sem reiðir mig en þetta viðkvæði gerir það fyrir allan pakkann. Börn eru hluti af föðurnum líka annars væru þau ekki í móðurkviði.

Ef hann myndi vilja eiga barnið, ætti það að vera sjálfsagður hlutur og ef við myndum snúa dæminu við, að feður gengju með barnið, myndi konan vera sátt við að hann eyddi því án þess að vita hvað hún vildi gera?

Ég er hreinlega ekki viss.

Þegar börn sem eru komin á þann aldur að verða forvitin og vilja vita hvaðan þau koma og hvernig þau urðu til, þá er þeim sagt hvernig ferillinn er, það fylgir örugglega aldrei sögunni að ef foreldrar vilja ekki eignast þau, þá sé þeim bara eytt.

Ég veit um feður sem eiga í stríði við að fá að umgangast börnin sín og sumir vilja að börnin þeirra fæðist. Að konan eigi að ráða öllu er algjörlega ófært, bæði varðandi fóstureyðingu og að meina feðrum umgengnisrétt við börnin sín.

Ég veit að ég mun sennilega fá að heyra þetta frá lesendum:

Nauðganir.

Vanheilsa móður.

Vanheilsa fósturs.

Unglingsstúlkur sem geta ekki séð barninu farborða.

Þau sem ekki vilja eignast barn.

Og áreiðanlega sitthvað fleira.

Eigum við þá að ræða slys, sjúkdóma, fötlun, fjölskyldumissi, fjárhagshrun, að missa vinnuna eða heimili okkar hérna megin móðurkviðar?

Það eru allavega engin frumvörp til um að losa sig við það fólk.

Þessir ömurlegu hlutir gerast en við tökum á þeim, finnum lausnir!

ALÞINGI! FINNIÐ LAUSNIR SEM ERU AÐRAR EN ÞESSAR: AÐ EYÐA BARA OG EYÐA LITLUM ÓFÆDDUM BÖRNUM.

Það eru til lausnir á öllum málum. Það þarf bara að finna þær. Við megum ekki firra okkur ábyrgð á því sem lífið réttir okkur. Tökumst á við hlutina á réttan hátt, ekki í eigingirni heldur sanngirni.

Ég ætla ekki að fara djúpt inn í getnaðarvarnir (sem enginn skortur er á) nema að ég veit að sumar unglingsstúlkur gera ráð fyrir fóstureyðingu ef þær verða þungaðar. Ég veit um nokkur þannig dæmi.

Manneskjan hefur tekið sér mikið vald yfir litlum einstaklingum sem gætu orðið flugmenn, hjúkrunarkonur, ballerínur, lögfræðingar, löggur og svo framvegis.

Af Doktor.is:

Á aðeins tólf vikum þroskast það (fóstrið) úr því að vera einfaldur frumuklasi yfir í fullmótað fóstur. Öll líffæri myndast á þessum tólf vikum, þar á meðal er hjartað byrjað að slá á fjórðu meðgönguviku!

Halló, er einhver að hlusta. Sónarinn sýnir hreyfingar á þessum tíma.

Fóstrið bregst við hljóðum og regla kemst á svefn og vöku.

Taugaendar fóstursins eru nægilega þróaðir til að það finni fyrir því sem snertir hendur þess.

Fóstrið getur vaknað við hreyfingar móðurinnar.

Vika 22:

“Mundu að ef samdrættirnir verða kröftugir, sárir eða mjög tíðir skaltu hafa samband við lækni eða ljósmóður því mögulega gæti þetta verið merki um yfirvoftandi fyrirburafæðingu.

Einnig er athyglisvert hvernig Wikiorðabók þýðir nafnorðið “fóstur”:

fóstur (hvorugkyn); sterk beyging

[1] [uppeldi](#)

[2] [barn í móðurkviði](#)

Við megum ekki loka augunum fyrir þróun lífsins, svona verða börn til, svona var mannkyninu ætlað að fjölga sér.

Læknar berjast fyrir lífi þeirra barna sem fæðast fyrir tímann og jafnvel geta vísindin í dag gert ýmislegt til að bjarga litlu lífi innan móðurkviðar.

Ein móðir harmar dauða fósturs (barns) meðan önnur harmar fæðingu þess.

Þetta er allt svo öfugsnúið!.

Árný Björg Blandon

kt. 2912482179